



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Alþingi
Erindi nr. P/38/535
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2009.

Umsögn um 239. mál, frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum.

Með tölvupósti þann 7. desember 2009 sendi háttvirt efnahags- og skattanefnd Alþingis KPMG hf. til umsagnar frumvarp á þingskjali nr. 273, borið upp af fjármálaráðherra.

Ákvæði frumvarpsins eru flest fremur af pólitískum toga en skatttæknilegum. Sem slík gefa þau ekki tilefni til athugasemda af hálfu KPMG hf. Ákvæði 15. gr. gefur þó tilefni til umsagnar.

Um 15. gr.

Í greininni er lögð til upptaka á fjórða skattþrepi virðisaukaskatts, 14% þrepi. Fyrir eru almennt skattþrep (nú 24,5%), sérstakt skattþrep tiltekinna vara og þjónustu (nú 7%) og undaþegin velta (0%) við tilteknar aðstæður. Lagt er til að hluti þeirrar sölu sem nú fellur undir 7% skatthlutfallið verði fært undir hið nýja 14% hlutfall. Annars vegar sala tiltekinna matvara og hins vegar sala veitingahúsa, mótuneyta og hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu í því sambandi.

Í fyrsta lagi telur KPMG hf. að almennt verði að gjalda varhug við fjölgun skattþrepa. Fjölgun þrepa flækir skattframkvæmd, fjölgar vafatilvikum og eykur líkur á mistökum. KPMG hf. leyfir sér að minna á umfjöllun um ókosti fjölþrepa virðisaukaskattskerfis í frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (þskj. 781 á 110. löggjafarþingi).

KPMG hf. varar sérstaklega við því að annað skatthlutfall verði á tilreiddum mat en matvörum almennt. Þannig var því varið á árum áður. Fátt ef nokkuð í virðisaukaskattskerfinu hefur vakið fleiri álitamál eða verið jafnt erfitt í framkvæmd. Þann draug er ekki æskilegt að vekja upp.

Lagt er til að ákvæði um 14% skattþrep komi til framkvæmda á mismunandi tíma eftir því hvort um tilreiddan mat eða aðrar matvörur er að ræða. Er það til þess fallið að auka líkur á mistökum í skattframkvæmd.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.